

REGLUR UM RANNSÓKNALEYFI

1. GR. MARKMIÐ

Markmið með veitingu rannsóknaleyfa er að stuðla að uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista, styrkja stöðu Listaháskóla Íslands og auka gæði rannsókna innan hans. Akademískum starfsmönnum með skilgreint rannsóknahlutfall, öðrum en deildarforsetum, er gert kleift að helga sig sjálfstæðum rannsóknastörfum með því að leysa þá tímabundið undan öðrum starfsskyldum.

2. GR. LÝSING

Lengd rannsóknaleyfa eru rúmí 4 mánuðir (17 vikur, eða 85 vinnudagar). Miðað er við að þrjú ár líði á milli rannsóknaleyfa. Í engum tilfellum getur heimild til rannsóknaleyfis safnast upp milli tímabila, og skulu þau rúmast innan samningstíma viðkomandi starfsmanns. Starfsmaður heldur óbreyttum föstum launum og samningsbundnum réttindum meðan á rannsóknaleyfi stendur.

3. GR. SKILYRÐI

- 3.1 Starfsmaður skal hafa verið samfelldur í starfi í a.m.k. 3 ár við upphaf rannsóknaleyfis og hafa uppfyllt starfsskyldur sínar samkvæmt ráðningarsamningi. Veikindaleyfi og fæðingarorlof teljast til starfstíma.
- 3.2 Starfsmaður skal hafa verið virkur í rannsóknum í a.m.k. 3 ár við upphaf rannsóknaleyfis og hafa skráð afrakstur sinn í gagnagrunn skólans.
- 3.3 Akademískir starfsmenn geta á hverju ráðningartímabili hlotið rannsóknaleyfi í eitt sinn að hámarki í eina önn og/eða farið í launalaust leyfi sem er að hámarki eitt ár, að því tilskyldu að heildarfjarvera spanni ekki meira en eitt ár á hverju ráðningartímabili.
- 3.4 Verkefni sem unnið er í rannsóknaleyfi skal vera á því sérsviði sem starfsmaður er ráðinn til við skólann og leiða til miðlunar á opinberum vettvangi að því loknu.

4. GR. UMSÓKNARFERLI OG MAT

- 4.1 Starfsmaður sækir um á þar til gerðu eyðublaði hjá rannsóknþjónustu skólans eigi síðar en 15. nóvember fyrir rannsóknaleyfi næsta skólaárs, og tilkynnir það næsta yfirmanni. Á eyðublaði skal lýsa viðfangsefni, markmiðum og samhengi verkefnis, verk- og tímaáætlun og áætlun um miðlun. Skilyrði er að niðurstaða árlegs innra mats rannsókna fylgi með umsókn.
- 4.2 Rannsóknanefnd metur umsóknir með tilliti til formlegra skilyrða sem nefnd eru hér að ofan. Auk þess er það hlutverk rannsóknanefndar að meta umsóknir út frá faglegum viðmiðum um gildi verkefnis fyrir fræðasvið lista, skýrleika rannsóknaráætlunar og hversu raunhæf verk- og tímaáætlun þykir, sem og áætlun

um opinbera miðlun afraksturs. Tryggja skal að jafningjamat fari fram um hverja umsókn.

- 4.3 Rannsóknanevnd leggur fram mat á umsóknum til rektors ásamt tillögu að forgangsröðun. Rektor veitir rannsóknaleyfi eigi síðar en 15. desember. Ef um jafna forgangsröðun rannsóknanevndar er að ræða skulu eftirfarandi þættir ráða veitingu leyfa, í þessari röð: 1. Starfsmanni hefur aldrei áður verið veitt rannsóknaleyfi, 2. Hærri starfsaldur, 3. Dreifing rannsóknaleyfa skal vera sem jöfnust milli deilda eða námsbrauta við hverja úthlutun.

5. GR. EFTIRFYLGNI

- 5.1 Við úthlutun rannsóknaleyfis gera starfsmaður og deildarforseti áætlun um hvenær starfsmaður tekur út leyfið. Við sama tilefni er starfsmanni kynnt tímalengd leyfis, kröfur um miðlun og skil á greinargerð að leyfi loknu.
- 5.2 Starfsmaður skilar greinargerð um samhengi, aðferðir og ávinning til deildarforseta eigi síðar en mánuði eftir að leyfi lýkur.
- 5.3 Skólinn skipuleggur opinberan umræðuvettvang um verkefni viðkomandi starfsmanns sem rekja má til rannsóknaleyfisins.

Samþykkt af stjórn 18. júní 2018